



Reykjavík, 11. janúar 2021
SFS2021010122
199. fundur
HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Niðurfelling gjalda milli jóla og nýárs, framkvæmd og kostnaður.

Borgarráð samþykkti 15. nóvember 2018 að foreldrar gætu sótt um niðurfellingu gjalda virka daga milli jóla og nýárs að því tilskildu að barn taki leyfi alla dagana. Jólin 2020 voru þetta þrír dagar, mánudagurinn 28. desember, þriðjudagurinn 29. desember og miðvikudagurinn 30. desember.

Tilkynning þessa efnis var send til allra stjórnenda borgarrekinnna leikskóla 24. nóvember 2020. Meðfylgjandi voru leiðbeiningar um skráningu vegna frís án gjaldtöku auk afrits að því bréfi sem sent var til foreldra. Tilkynning var send miðlægt í gegnum Völu til allra foreldra 25. nóvember 2020 og um leið opnað fyrir rafræna skráningu.

Fjöldi foreldra nýtti sér niðurfellingu gjalda og alls var sótt um fyrir 2846 börn. Fjöldi barna með skráða vistun 20. desember 2020 var 5230. Ef tekið er meðaltal allra leikskólanna þá var sótt um niðurfellingu gjalda fyrir 54% barna. Fæstar voru umsóknirnar 28% af fjölda barna í leikskóla en sá leikskóli sem var með flestar umsóknir var með 100% af fjölda barna í leikskólanum.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs má gera ráð fyrir að tekjutap vegna niðurfellingar gjalda sé um 11,2 milljónir króna. Á móti kemur minni kostnaður fyrir leikskólana vegna matarkostnaðar auk þess sem svigrúm skapaðist til orlofstöku starfsfólks sem ekki þurfti að leysa með afleysingu.